



# **Samantekt á rekstri sjávarútvegsfélaga í Norðvesturkjördæmi**

Rekstrarafkoma 2016 og 2017

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi  
Bjarnarbraut 8  
310 Borgarnesi  
Bt. Páll S. Brynjarsson

Deloitte ehf.  
Kt. 521098-2449  
Smáratorgi 3  
201 Kópavogur  
Ísland  
Sími: 580 3000  
Fax: 580 3001  
www.deloitte.is

Kópavogur, 3. okt 2018

## Samantekt á rekstri íslensks sjávarútvegs

Að beiðni Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, Fjórðungsambandi Vestfirðinga og Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra („verkkaupi“) hefur Deloitte tekið saman yfirlit um rekstur sjávarútvegsfélaga í Norðvesturkjördæmi á árinu 2016 og 2017. Greiningin nær til stærstu sjávarútvegsfélaga í bolfisk með lögheimili í póstnúmerunum 300 – 570 og samanstandur hún af félögum sem greiddu 81,1% af veiðigjöldum fiskveiðiárið 2017/18.

Vinna Deloitte byggir á verksamningi dagsettum 26. júní 2018. Greiningin byggir á birtum ársreikningum árána 2016 og 2017.

Greindar verða sérstaklega tekjur og EBITDA framlegð þessara ára sem og greiðslugeta (skuldir/EBITDA) og arðsemi eiginfjár m.v. meðalstöðu eiginfjár. Greiningin verður niðurbrotin á sjávarútvegsfyrirtæki veiðar og vinnsla, veiðar í aflamarkskerfi og krókaveiðar í krókaaflamarkskerfi og verða þá greind rekstrarleg áhrif brottfalls skuldaafsláttar.

Ákvörðunartaka í tengslum við niðurstöður greiningarinnar er í höndum verkkaupa og tekur Deloitte ekki ábyrgð á ákvörðunum sem kunna að verða teknar á grundvelli niðurstöðunnar.

Virðingarfyllt,  
Deloitte Fjármálaráðgjöf

---

### Jónas Gestur Jónasson

Meðeigandi, yfirmaður sjávarútvegsteymis  
Sími: 898-2495  
Netfang: jjonasson@deloitte.is

---

### Jóhanna Katrín Pálsdóttir

Verkefnastjóri, fjármálaráðgjöf  
Farsími: 840-6115  
Netfang: jpalsdottir@deloitte.is

# Efnisyfirlit

Samantekt	3
Rekstur 2016 og 2017	5
Skuldsetning 2016 og 2017	8
Rekstrarleg áhrif brottfalls skuldaafsláttar	11
Samanburður við landið allt	13


# Samantekt | Lykilniðurstöður

EBITDA framlegð sjávarútvegsfélaga í Norðvesturkjördæmi lækkaði um 38% milli ára


## Lykilniðurstöður

- Tekjur í sjávarútvegi í Norðvesturkjördæmi drógust saman um 19% á milli ára. Kostnaður lækkaði jafnframt nokkuð en hlutfallsleg EBITDA lækkun var þó umtalsverð eða 38%. Samanlögð EBITDA þeirra 40 félaga er mynda úrtakið nam 4,6 mö.kr.\* árið 2017.
- Á því tímabili sem var til skoðunar þróuðust ytri hagstærðir almennt með neikvæðum hætti fyrir sjávarútvegsfélög. Verðlag sjávarafurða hefur lækkað verulega í íslenskum krónum og launavísitala hefur hækkað töluvert. Einnig hafði tveggja mánaða verkfall sjómanna neikvæð áhrif á tekjumyndun og framlegð félaganna.
- EBITDA framlegð félaga sem stunda vinnslu dróst talsvert meira saman en þeirra sem einungis eru í útgerð.
- Afkoma og tekjur lækkuðu í öllum veiðikerfum en hlutfallslega var samdrátturinn mestur hjá félögum í aflamarkskerfi.


## Hagnaður (ma.kr.)



## Heildartekjur (ma.kr.)



## EBITDA (ma.kr.)



\*Miðað er við birta ársreikninga fyrir 2016 og 2017, í sumum ársreikninganna er miðað við fiskveiðiárið sem er frá september til ágúst  
Samantekt á rekstri sjávarútvegsfélaga - 3. okt 2018

# Efnisyfirlit

Samantekt	3
Rekstur 2016 og 2017	5
Skuldsetning 2016 og 2017	8
Rekstrarleg áhrif brottfalls skuldaafsláttar	11
Samanburður við landið allt	13

# Rekstur sjávarútvegs á árinu 2016 og 2017

Afkoma versnar bæði í útgerð og vinnslu en hlutfallslegur samdráttur í EBITDA framlegð félaga sem stunda vinnslu var meiri

## Tekjur lækka umtalsvert milli ára

- Afkoma félaga annars vegar í botnfiskútgerð og hins vegar í botnfiskútgerð og vinnslu versnaði milli árana 2016 og 2017.
- Tekjur í botnfiskútgerð og vinnslu lækkuðu um 19% á meðan tekjur fyrir botnfiskútgerð lækkuðu um 18% á milli ára.
- EBITDA fyrir félög í botnfiskútgerð og vinnslu lækkaði hins vegar verulega eða um 42%, borið saman við 22% lækkun hjá félögum sem einungis eru í botnfiskútgerð.




Botnfiskútgerð og vinnsla – 12 félög



Botnfiskútgerð – 28 félög




## Tekjur (ma.kr.)



Heimild: Deloitte



## EBITDA (ma.kr.)



Heimild: Deloitte

# Rekstur sjávarútvegs á árinu 2016 og 2017


Tekjur í báðum veiðikerfum lækka en lækkunin er þó meiri í aflamarkskerfi eða 24%

## Tekjur lækka mest í aflamarkskerfi


- Tekjur fyrir félög í aflamarkskerfi lækkuðu mest eða um 24%, á sama tíma dróst EBITDA saman um 46%.
- Tekjur sjávarútvegsfélaga með blandaðar veiðar, þ.e.a.s bæði aflamarks- og krókaaflamarkskerfi lækkuðu um 10% á milli árána 2016 og 2017 en EBITDA lækkaði um 25%.
- Í krókaaflamarks kerfi lækkuðu tekjur um 10% en EBITDA jókst heldur eða um 13%. Ástæða þessa liggur fyrst og fremst í töluverði framlegðaraukningu eins félags sem hætti landvinnslu á árinu 2017.



## Tekjur (ma.kr.)



## EBITDA (ma.kr.)



Aflamark – 19 félög



Blandað – 5 félög



Krókaaflamark – 16 félög

# Efnisyfirlit

Samantekt	3
Rekstur 2016 og 2017	5
Skuldsetning 2016 og 2017	8
Rekstrarleg áhrif brottfalls skuldaafsláttar	11
Samanburður við landið allt	13



# Skuldsetning sjávarútvegs 2016 og 2017


Skuldastaða sjávarútvegsfélaga helst stöðug en skuldir í hlutfalli af EBITDA hækka

## Greiðslugeta versnar

- Heildar skuldir félaganna aukast lítillega milli ára en þær hækkuðu um 4,2%, á sama tíma haldast eiginfjárhlutföll nokkuð stöðug
- Umtalsverð lækkun EBITDA framlegðar leiðir hins vegar til þess að greiðslugeta félaganna versnar töluvert eins og sjá má í verulegri hækkun skulda á móti EBITDA framlegð.



## Þróun heildar skulda sjávarútvegsfélaga (ma.kr.)




Heimild: Deloitte

Samantekt á rekstri sjávarútvegsfélaga - 3. okt 2018




## Skuldir (ma.kr.)



Heimild: Deloitte



## Fjármögnun veiða og vinnslu



Heimild: Deloitte

# Skuldsetning sjávarútvegs 2016 og 2017

Arðsemi eiginfjár dregst saman milli ára

## Arðsemi eiginfjár lækkar milli ára

- Skuldastaða í aflamarkskerfi og krókaafamarkskerfi lækkar nokkuð milli ára en skuldir blandaðra félaga aukast.
- Arðsemi eiginfjár miðast við meðalstöðu eiginfjár fyrir 2016 og 2017. Meðalarðsemi eiginfjár fyrir sjávarútvegsfélög í Norðvesturkjördæmi var 4,8%, en hæst var staðan hjá félögum með krókaafamarkskerfi þar sem arðsemi eiginfjár var 5,6%.



## Arðsemi eiginfjár


	2017
Aflamarkskerfi	5,4%
Blandað	-1,2%
Krókaafamarkskerfi	5,6%
<b>SSV Heildar</b>	<b>4,8%</b>

Heimild: Deloitte

Samantekt á rekstri sjávarútvegsfélaga - 3. okt 2018




## Skuldir (ma.kr.)



Heimild: Deloitte



## Fjármögnun kerfa



Heimild: Deloitte

# Efnisyfirlit

Samantekt	3
Rekstur 2016 og 2017	5
Skuldsetning 2016 og 2017	8
Rekstrarleg áhrif brottfalls skuldaafsláttar	11
Samanburður við landið allt	13

# Rekstrarleg áhrif skuldaafsláttar

EBITDA væri um 7% lægri ef sérstakrar lækkunar veiðigjalda nyti ekki við

## Afnám sérstakrar lækkunar veiðigjalda mun hafa talsverð áhrif

- Á fiskveiðiarunum 15/16 og 16/17, voru álögð veiðigjöld 2,1 ma.kr. að teknu tilliti til annarra leiðréttinga, sérstök lækkun veiðigjalda á því tímabili var 0,7 ma.kr. eða 33%.
- Sérstök lækkun á veiðigjöldum hefur verið afnumin fyrir fiskveiðiárið 17/18. Samkvæmt gögnum Fiskistofu nema álögð veiðigjöld um 2,0 mö.kr. fyrir úrtakið í Norðvesturkjördæmi.
- Greining á veiðigjöldum nær til 40 stærstu sjávarútvegsfélaga með lögheimili í pósthúsnúmerum 300 – 570 í bolfiski. Fyrir fiskveiðiár 2017/18 greiddu þessi fyrirtæki 80,1% af veiðigjöldum allra sjávarútvegsfélaga í ofangreindum pósthúsnúmerum.
- Heildar veiðigjöld fyrir sjávarútvegsfélög í Norðvesturkjördæmi námu rúmum 2,5 ma.kr. fyrir fiskveiðiárið 2017/18, en á landinu öllu voru heildar veiðigjöld 11,2 ma.kr.




Norðvesturkjör- dæmi (Úrtak)	Fiskveiðiár 2015/16 (m.kr.)	Fiskveiðiár 2016/17 (m.kr.)	Fiskveiðiár 2017/18 (m.kr.)
Veiðigjald	1.222	927	2.044
Aðrar leiðréttingar	-30	-17	(n/a)
Sérstök lækkun	-385	-310	-
<b>Álagt veiðigjald</b>	<b>806</b>	<b>600</b>	<b>2.044</b>

Heimild: Fiskistofa



## EBITDA (ma.kr.)



Heimild: Fiskistofa, Deloitte

# Efnisyfirlit

Samantekt	3
Rekstur 2016 og 2017	5
Skuldsetning 2016 og 2017	8
Rekstrarleg áhrif brottfalls skuldaafsláttar	11
Samanburður við landið allt	13

# Samanburður við landið allt

Afkoma félaga í botnfiskútgerð og vinnslu og botnfiskútgerð í Norðvesturkjördæmi versnar hlutfallslega meira en fyrir landið allt

## Meiri tekjusamdráttur félaga í Norðvesturkjördæmi en að meðaltali á landinu ölu

- Deloitte hefur þróað gagnagrunn með rekstrarupplýsingum sjávarútvegsfélaga og inniheldur grunnurinn 87% af rekstrarupplýsingum 2017. Í grunninum eru um það bil 100 fyrirtæki. Grunnurinn er síðan uppreiknaður þannig að upplýsingarnar spegli öll sjávarútvegsfélög með úthlutaðar aflaheimildir.
- Tekjur fyrir félög í botnfiskútgerð og vinnslu annars vegar og botnfiskútgerð hins vegar fyrir landið allt drógust saman um 10,6 milljarða frá árinu 2016 eða um 8%. EBITDA lækkaði um 6,5 milljarða eða 27%.
- Hlutfallslega lækkuðu tekjur og EBITDA meira fyrir sambærileg félög í Norðvesturkjördæmi en að meðaltali fyrir landið allt.
- Verðvísitala í íslenskri mynt lækkaði um 6,7% frá árinu 2016, þrátt fyrir hækkun á afurðaverði í erlendri mynt. Tveggja mánaða verkfall í upphafi árs hafði áhrif á afkomu sjávarútvegsfélaga um land allt.



Launavísitala +6,8%




Olíuverð +8,5%




kr. Verðvísitala -6,7%



## Tekjur (ma.kr.)



## EBITDA (ma.kr.)




# Viðauki


## Greining á hagnaði



2016



2017



Þetta skjal var unnið af Fjármálaráðgjöf Deloitte ehf. Eftirfarandi skal gilda um allar upplýsingar í þessu skjali nema annað sé tekið fram. Upplýsingarnar, einkum tölur, gögn og áætlanir, eru til bráðabirgða og er tilgangur þeirra eingöngu að mynda umræðugrunn meðal stjórnenda. Við staðfestum hvorki að upplýsingarnar séu réttar né tæmandi og ætti því ekki að treysta á gögnin sem slík. Staðfestingarvinna á umræddum upplýsingum hefur ekki verið unnin af hálfu Deloitte. Allar ályktanir og niðurstöður sem dregnar eru fram í þessu skjali endurspeglar álit Deloitte, byggt á þeim gögnum sem aðgengileg voru fram að dagsetningu þessa skjals, og geta breyst án fyrirvara. Þó að upplýsingar í þessu skjali hafi verið unnar í góðri trú tekur Deloitte enga ábyrgð á ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli þeirra. Skjal þetta er afhent á þeim forsendum að hvorki Fjármálasvið Deloitte, eigendur né starfsmenn sviðsins séu dregnir til ábyrgðar fyrir rangar eða ónákvæmar upplýsingar, hvort sem þær megi rekja til gáleysis eða annarra ástæðna, né fyrir tjón sem rekja má til mistaka, vanrækslu eða ónákvæmni við gerð þessa skjals. Þetta skjal er eingöngu unnið fyrir verkkaupa og er öðrum aðilum óheimilt að nýta sér efni þess eða byggja ákvarðanir á grundvelli þess nema að fengnu samþykki Fjármálaráðgjafar Deloitte.

Deloitte Touche Tohmatsu Limited

Deloitte vísar til eins eða fleiri aðildarféлага innan Deloitte Touche Tohmatsu Limited sem er breskt félag. Hvert aðildarfélag er aðskilinn lögaðili og óháð eining. Vinsamlega skoðið [www.deloitte.com/about](http://www.deloitte.com/about) varðandi nákvæma lýsingu á lagalegri uppbyggingu Deloitte Touche Tohmatsu og aðildarfyrirtækjum þess.